

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/582

2016/EES/57/49

frá 15. apríl 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 333/2007 að því er varðar greiningu á ólífrænu arseni, blýi og fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum og tiltekna nothæfisviðmiðanir fyrir greiningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2006 ⁽²⁾ er mælt fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með tilteknum aðskotaefnum í matvælum
- 2) Hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum voru fastsett með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽³⁾. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1006 ⁽⁴⁾ til að fastsetja hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen og af þessum sökum þykir rétt að mæla fyrir um sértækar aðferðir í tengslum við greiningu á ólífrænu arseni.
- 3) EN-staðall 13804 í tengslum við ákvörðun á efnum og efnaformi þeirra hefur verið uppfærður; því er rétt að uppfæra tilvísun í staðalinn til samræmis við það.
- 4) Fastsetja þarf hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í kakóbaunum og afleiddum afurðum á grundvelli fitu. Hæfnisprófanir, sem framkvæmdar voru af tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni, benda til misræmis í ákvörðun fituinnihalds. Því er rétt að samræma aðferðir til að ákvarða fituinnihald.
- 5) Samkvæmt ráðleggingum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir þungmálma í fóðri og matvælum þykir rétt að breyta skilgreiningu á magngreiningarmörkum og nothæfisviðmiðun í tengslum við greiningarmörk fyrir greiningaraðferðir fyrir blý, kadmíum, kvikasilfur og ólífrænt tin.
- 6) Rétt þykir að ákvæði í tengslum við aðferðir við sýnatöku og greiningu gildi einnig utan ramma opinbers eftirlits.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólífræns tins, 3-MCPD og bensó(a)þýrens í matvælum (Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1006 frá 25. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen í matvælum (Stjtið. ESB L 161, 26.6.2015, bls. 14).

- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 333/2007 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna eftirlits með innihaldi snefilefna og aðskotaefna úr vinnslu í matvælum“.

- 2) Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„1) Sýnataka og greining vegna eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólífræns tins, ólífræns arsens, 3-MCPD og fjölhringa, arómatískra vetniskolefna, sem er tilgreint í 3., 4. og 6. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1881/2006, skal fara fram í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.“

- 3) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 333/2007 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar C.2.2.1 komi eftirfarandi:

„C.2.2.1 Sértekjar verklagsreglur fyrir blý, kadmíum, kvikasilfur, ólífrænt tin og ólífrænt arsen

Greinandinn skal tryggja að sýni mengist ekki við undirbúning. Hvar sem því verður við komið skulu tæki og búnaður, sem komast í snertingu við sýni, ekki innihalda þá málma sem á að greina og vera úr hvarftregu efni á borð við plast, s.s. pólýprópýlen eða pólýtetraflúoretýlen (PTFE) o.s.frv. Þau skulu þrífni með sýru til að draga úr hættu á mengun. Ryðfrítt gæðastál má vera í egg skurðáhalda.

Til eru margskonar viðunandi sértekjar verklagsreglur um undirbúning sýna sem heimilt er að nota vegna varanna sem hér er um að ræða. Að því er varðar þá þætti sem þessi reglugerð tekur ekki sérstaklega til hafa aðferðir sem lýst er í CEN-staðlinum „Foodstuffs. Determination of elements and their chemical species. General considerations and specific requirements“ (*) talist fullnægjandi en aðrar aðferðir við undirbúning sýna geta verið jafngóðar.

Þegar um er að ræða ólífrænt tin skal þess gætt að allt efnið leysist upp, þar eð vitað er að tap getur auðveldlega orðið, einkum vegna þess að óleysanleg, vötnuð Sn(IV)-oxíð geta myndast við vatnsrof.“

(*) Staðall EN 13804:2013, „Foodstuffs. Determination of elements and their chemical species. General considerations and specific requirements“, CEN, Rue de Stassart 36, B-1050 Brussel.

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við lið C.2.2.2 „Sértekjar verklagsreglur fyrir fjölrhinga, arómísk vetniskolefni“:

„Að því er varðar greiningu á fjölrhinga, arómískum vetniskolefnum í kakói og afleiddum afurðum úr kakói er ákvörðun fituinnihalds framkvæmd í samræmi við opinbera aðferð Samtaka aðila í efnagreiningu nr. 963.15 til að ákvarða fituinnihald kakóbauna og afleiddra afurða. Nota má jafngildar aðferðir til að ákvarða fituinnihald ef sýnt hefur verið fram á að sú aðferð sem notuð er til að ákvarða fituinnihald gefi sömu (jafngild) gildi fyrir fituinnihald.“

3) Í lið C.3.1 „Skilgreiningar“ komi eftirfarandi skilgreining í stað skilgreiningar á magngreiningarmörkum:

„LOQ“ = Magngreiningarmörk, minnsta innihald greiniefnis sem hægt er að mæla með viðunandi, tölfræðilegri vissu. Ef bæði nákvæmni og samkvæmni eru stöðug á styrkleikabili í kringum greiningarmörkin eru magngreiningarmörkin tölulega tífalt staðalfrávik meðalgildisins við blankákvörðun efniviðarins ($n \geq 20$).“

4) Í stað a-liðar í lið C.3.3.1 „Nothæfisviðmiðanir“ komi eftirfarandi:

„a) Nothæfisviðmiðanir við greiningaraðferðir fyrir blý, kadmíum, kvikasilfur, ólífrænt tin og ólífrænt arsen

Tafla 5

Mælipáttur	Viðmiðun
Notkunarsvið	Matvæli sem tilgreind eru í reglugerð (EB) nr. 1881/2006
Sértæki	Laus við truflanir frá efniviði eða litrófstruflanir
Endurtekningarnákvæmni (RSD _t)	HORRAT _t minni en 2
Samanburðarnákvæmni (RSD _R)	HORRAT _R minni en 2

Mælipáttur	Viðmiðun				
Endurheimt	Ákvæði liðar D.1.2. gilda				
LOD	= þrír tíundu hlutar af magngreiningarmörkum				
LOQ	Ólífrænt tin	≤ 10 mg/kg			
	Blý	ML ≤ 0,01 mg/kg	0,01 < ML ≤ 0,02 mg/kg	0,02 < ML < 0,1 mg/kg	ML ≥ 0,1 mg/kg
		≤ ML	≤ tveir þriðju hlutar af ML	≤ tveir fimmtu hlutar af ML	≤ fimmti hluti af ML
Kadmíum, kvikasilfur, ólífrænt arsen	ML er < 0,100 mg/kg		ML er ≥ 0,100 mg/kg		
	≤ tveir fimmtu hlutar af ML		≤ fimmti hluti af ML ⁴⁴		

5) Í stað liðar C.3.2 komi eftirfarandi:

„C.3.2 **Almennar kröfur**

Greiningaraðferðir, sem notaðar eru við matvælaeftirlit, skulu samrýmast ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

Aðferðir til að greina heildarinnihald tins eiga við um eftirlit með ólífrænu tinni.

Að því er varðar greiningu á blýi í víni gilda aðferðirnar og reglurnar sem Alþjóðavinstofnunin (*) fastsetti í samræmi við 5. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 (**).

Aðferðir til að greina heildarinnihald arsens eiga við um skimun við eftirlit með innihaldi ólífræns arsens. Ef heildarstyrkur arsens er undir hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen er ekki þörf á frekari prófunum og sýnið telst vera í samræmi við hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen. Ef heildarstyrkur arsens er við eða yfir hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen skal framkvæma eftirfylgniþrófun til að ákvarða hvort styrkur ólífræns arsens sé yfir hámarksgildi fyrir ólífrænt arsen.“

(*) Organisation internationale de la vigne et du vin.

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).